

LÍFEYRISSJÓÐUR BANKAMANNA HLUTFALLSDEILD

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2022

3

2022-03-31

TBG ehf.

Tryggingastærðfræðistofa Bjarna Guðmundssonar ehf.
Grensásvegi 7– 109 Reykjavík

Eftirfarandi tryggingafræðileg athugun á stöðu Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna í lok árs 2022 er unnin að beiðni stjórnar sjóðsins í samræmi við ákvæði 5. greinar samþykktar sjóðsins. Athugunin er gerð í samræmi við ákvæði l. 129/1997, ákvæði reglugerðar 391/1998 og stuðst er við leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um framkvæmd tryggingafræðilegra athugana frá árinu 2002. Tryggingafræðileg athugun var síðast gerð miðað við stöðu sjóðsins í lok árs 2021.

Í tryggingafræðilegri athugun felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Lög um starfssemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem heimill er milli eignaliða og skuldbindinga.

Hlutfallsdeild Lífeyrissjóðs bankamanna veitir réttindi í samtryggingu.

Mat á skuldbindingum byggir á upplýsingum um réttindi sjóðfélaga úr réttindabókhalda sjóðsins sem sjóðurinn lét í té. Við mat eignaliða er einnig stuðst við upplýsingar fengnar úr ársreikningi og fjárhagsbókhalda sjóðsins.

Helstu reikniforsendur sem notaðar eru við athugunina eru :

Raunávöxtun eigna sjóðsins verði 3,5% árlega
Lífslíkur sjóðfélaga : samkvæmt reynslu íslenskra lífeyrissjóða 2014-2018
Lífslíkur rétthafa : samkvæmt íslenskrari reynslu 2014-2018

Frá árinu 2016 er gert ráð fyrir lækkun dánartíðni í samræmi við spálíkan Félags íslenskra tryggingastærðfræðingar frá árinu 2020

Örorkulíkur sjóðfélaga : Eftir reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum 2011-2016, aðlagð að reynslu Lífeyrissjóðs bankamanna með 40% af meðaltali fyrir karla og 80% fyrir konur.

Reikniforsendur um lífslíkur eru breyttar frá síðustu tryggingafræðilegri athugun. Er nú eingöngu reiknað miðað við líkan Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2020 um áframhaldandi lækkun aldursbundinnar dánartíðni, en sú niðurstaða var sýnd til hliðsjónar í tryggingafræðilegri athugun og ársreikningi síðasta árs.

Engar breytingar voru gerðar á árinu á samþykktum sjóðsins sem höfðu áhrif á réttindi eða réttindaöflun sjóðfélaga.

Skuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem greidd hafa verið til sjóðsins vegna iðgjaldatímabíla fram til loka 2022 kallast áfallnar skuldbindingar. Heildar lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru skuldbindingar sjóðsins þegar einnig er ætlað fyrir réttindum vegna ógreiddra iðgjalda núverandi sjóðfélaga og lúta ákvæði laga um heimil

vikmörk að mun á heildarskuldbindingum og endurmetnum eignum að viðbættu verðmæti iðgjalda.

Er niðurstaða athugunarinnar að verðmæti eigna sjóðsins að meðtöldum iðgjöldum reiknast 40.833,1 milljónir og skuldbindingar vegna lífeyris og rekstrarkostnaðar 45.858,0 milljónir. Mismunur eigna og skuldbindinga reiknast því -5.024,8 milljónir, eða -11,0% af skuldbindingum.

Staða sjóðsins er því utan þeirra marka sem áskilin eru í l.129/1997 en þar eru hámark vikmarka milli eigna og skuldbindinga 10% á einstöku ári og 5% fyrir stöðu samfellt í fimm ár.

Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna tiltaka ekki ákveðin vikmörk fyrir mun eigna og skuldbindinga en í 5. grein samþykktar er að finna almennt ákvæði um að jöfnuður skuli vera milli eigna og skuldbindinga.

Eignir sjóðsins að án verðmætis iðgjalda reiknast 40.364,5 milljónir og áfallnar skuldbindingar 45.158,3 milljónir, og mismunur því -4.793,7 milljónir eða -10,6%. Lög kveða ekki sérstaklega á um vikmörk áfallinna skuldbindinga og eigna og ekki heldur samþykktir Hlutfallsdeildar Lífeyrissjóðs bankamanna enda er vegna réttindakerfis sjóðsins þrengra skilyrði að miða við heildarskuldbindingar.

Nánari grein er gerð fyrir forsendum, reikniaðferðum og niðurstöðum hér á eftir. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ber að skoða sem vænta niðurstöðu úr reiknilíkani þar sem byggt er á forsendum sem eru háðar óvissu. Mismunur milli niðurstöðu reiknilíkansins og raunveruleika geta komið fram bæði vegna tilviljanasveiflna, einkum þegar sá hópur sem reiknað er fyrir er lítill, og einnig vegna þeirrar miklu óvissu sem er um forsendur sem notaðar eru. Forsendur reiknilíkansins lúta að vöxtum, dánarlíkum og fleiri óvissuþáttum áratugi fram í tímann og því nánast óhjákvæmilegt að frávik komi fram frá þeim forsendum sem reiknað er eftir.

Virðingarfyllst,



Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

HLUTFALLSDEILD LÍFEYRISSJÓÐS BANKAMANNA

Lífeyrissjóður bankamanna hét áður Eftirlaunasjóður starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans en starfsemi hans má rekja aftur til ársins 1929. Hinn 1. janúar breyttist nafn sjóðsins og starfsemi var skipt í tvær deildir, Hlutfallsdeild og Stigadeild (nú Aldursdeild). Hlutfallsdeild er lokað fyrir nýjum sjóðfélögum en varðveittir hluta af réttindum sjóðfélaga sem áunnin eru fyrir lok árs 1997. Sjóðfélagar ELS áttu við lok árs 1997 val um hvort þeir flyttu áunninn rétt sinn og réttindaöflun til framtíðar yfir í Stigadeild sjóðsins eða greiddu til Hlutfallsdeildar, en deildin tekur eins og áður sagði ekki við nýjum sjóðfélögum. Fram til loka árs 1997 ábyrgðust aðildarstofnanir Eftirlaunasjóðs starfsmanna Landsbankans og Seðlabankans skuldbindingar sjóðsins en sú bakábyrgð var felld niður við lok árs 1997. Samhliða því greiddu aðildarfyrirtæki til sjóðsins það sem samkvæmt tryggingafræðilegu mati þurfti til að eignir sjóðsins nægðu fyrir skuldbindingum. Með sérstöku samkomulagi aðildarstofnana við sjóðinn árið 2006 var greitt til sjóðsins viðbótarframlag vegna breytinga sem orðið höfðu á forsendum sem lagðar voru til grundvallar við matið 1997.

RÉTTINDAÁKVÆÐI

Réttindi sjóðfélaga til lífeyris og skylda þeirra til greiðslu iðgjalda til sjóðsins fara eftir ákvæðum samþykktá sem staðfestar voru af fjármálaráðuneytinu 23. október 2019.

Lífeyrisréttindi sem hlutfallsdeild veitir eru ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður ófær um að gegna starfi því er veitt hefur honum aðild að sjóðnum og örorka er metin amk. 10%, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát, og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku örorkulífeyris. Sjóðfélagar sem náð hafa samanlögðum aldri og starfsaldri sem er 95 ár geta látið af störfum fyrir 65 ára aldur, en þó ekki fyrir 60 ára aldur.

Lífeyrisréttindi eru reiknuð sem hlutfall viðmiðunarlauna, sem fyrir þá sem látið hafa af störfum eftir árslok 1997 eru meðaltal launa síðustu fimm ára fyrir starfslok, verðtryggð með vísitölu neysluverðs til töku lífeyris eða meðaltal launa til starfsloka frá árslokum 1997 ef sá tími er skemmri en fimm ár.

Viðmiðunarlaun þeirra sem létu af störfum fyrir árslok 1997 og ekki höfðu byrjað töku lífeyris í lok árs 1997 eru miðuð við laun eftirmanns í lok árs 1997 verðtryggð með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá þeim tíma.

Starfsmenn sem ekki hafa náð tilteknum lágmarksstarfstíma öðlast rétt til endurgreiðslu eigin iðgjalda með viðmiðunarvöxtum sem stjórn sjóðsins ákveður en eiga ekki lífeyrisrétt.

Ofangreind samantekt um reglugerðarákvæði er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað til 3. og 4. greina samþykktá um aðild að sjóðnum, 10 - 16. greinar varðandi skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og réttindaöflun, og til 9. greinar um iðgjaldagreiðslur.

Árið 2014 voru réttindi í Hlutfallsdeild skert um 9,65%, bæði áunnin réttindi og réttindaöflun til framtíðar. Árið 2019 voru réttindi aftur skert um 5,2%. Réttindaöflun fyrir eitt ár í fullu starfi er eftir breytingu samþykka árið 2019 1,82% af viðmiðunarlaunum, en var 1,92% áður.

GÖGN

Helstu gögn sem stuðst hefur verið við eru:

1) Upplýsingar um einstaka lífeyrisþega og greiðslur til þeirra í desember 2022.

2) Fyrir aðra sjóðfélaga hlutfallsdeildar var fengin skrá um öflun lífeyrisréttinda á hverju ári. Fyrir sjóðfélaga sem látið höfðu af störfum fyrir lok árs 1997 og eiga rétt til lífeyris hafa fengist upplýsingar frá aðildarstofnunum um viðmiðunarlaun í lok þess árs, sem síðan taka breytingum með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Fyrir sjóðfélaga sem látið hafa af störfum síðan er miðað við meðallaun frá lokum árs 1997 til starfsloka eða meðallaun síðustu fimm starfsára, reiknuð út frá iðgjaldagreiðslum, og uppfærð til verðlags í lok árs 2022.

Fyrir alla sjóðfélaga fengust upplýsingar um fæðingarár og mánuð og kyn.

Gagna þessara var aflað af starfsmönnum sjóðsins úr réttindabókhalda lífeyrissjóðsins og launakerfum.

Þá fengust á skrifstofu sjóðsins upplýsingar um orlofsgreiðslur sem ætlað er fyrir sérstaklega í hlutfallsdeild.

Við áætlun um framtíðariðgjöld vegna iðgjaldatímabíla 2023 og síðar sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að greiða til sjóðsins er miðað við að allir þeir sem öfluðu lífeyrisréttinda á árinu 2022 og ekki hafa byrjað töku lífeyris muni halda áfram að ávinna sér sömu réttindi ár hvert fram að áætluðum lífeyrisaldri. Er þessi hópur sjóðfélaga kallaðir virkir sjóðfélagar en aðrir þeir sem eiga réttindi í sjóðnum og ekki eru lífeyrisþegar kallaðir óvirkir sjóðfélagar.

Úr ársreikningum sjóðsins fengust upplýsingar um kostnað við rekstur síðastliðin þrjú ár og auk þess um eignastöðu sjóðsins og úr verðbréfakerfi eru fengnar upplýsingar um greiðslukjör skuldabréfa og gengi eigna með breytilegar tekjur á markaðsverði.

Iðgjaldagreiðslur ársins 2022 hafa verið bornar saman við iðgjaldagreiðslur samkvæmt ársreikningi og lífeyrisgreiðslur desember 2022 bornar saman við lífeyrisgreiðslu ársins samkvæmt ársreikningi. Þá hafa upplýsingar um réttindi sjóðfélaga verið borin saman við samsvarandi upplýsingar frá athugun fyrra árs.

Hafa þessar athuganir ekki bent til annars en að byggja megi mat skuldbindinga sjóðsins á þeim gögnum sem fyrir liggja úr réttindakerfi, en gögn hafa ekki verið sannreynd með samanburði við frumgögn eða öðrum hætti en þeim sem hér er lýst.

REIKNIFORSENDUR OG -AÐFERÐIR

Reikniforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir íslenskra lífeyrissjóða eru tilgreindar í lögum 129/1997 og reglugerð 391/1998 sem fjármálaráðherra setur með heimild í fyrrgreindum lögum. Tryggingafræðingi er heimilt að víkja frá þessum staðalforsendum ef talið er að sérstakar aðstæður í viðkomandi sjóð verði þess valdandi að aðrar forsendur eigi betur við. Engu að síður skal reiknað eftir staðalforsendum og sú niðurstaða birt til samanburðar.

Með reglugerð 391/1998 er fjármálaráðuneyti falið að gefa út töflur um lífs- og örorkulíkur til sem staðalforsendur fyrir tryggingastærðfræðilegar athuganir og jafnframt töflur um hjúskapar- og barneignalíkur, að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga.

Á árinu 2018 samþykkti Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga nýjan reiknigrundvöll fyrir mat eftirlauna- og örorkuskuldbindinga fyrir íslenska lífeyrissjóði. Grundvöllurinn er byggður á athugun sem náði til allra íslenskra lífeyrissjóða. Ýmis nýmæli er að finna í athuguninni, um mat á lífslíkum er byggt eingöngu á reynslu sjóðfélaga lífeyrissjóða en ekki þjóðarinnar allrar, lagt er mat á endurhæfingarlíkur með beinum hætti og loks er gert ráð fyrir mismunandi lífslíkum öryrkja og annarra. Á árinu 2019 var grunnurinn svo uppfærður með hliðsjón af breytingum á lífslíkum sem orðið hafa meðal þjóðarinnar allrar frá árunum 2010-2014 til 2014-2018. Grunnurinn er í þessari mynd auglýstur af fjármálaráðuneyti sem staðalforsendur fyrir athuganir íslenskra lífeyrissjóða. Með fráviksheimild er tryggingastærðfræðingi heimilt að nota aðlögun grunnsins að sérstökum aðstæðum í hverjum lífeyrissjóð. Aðlögun nýgengis örorku fyrir Hlutfallsdeild Lífeyrissjóðs bankamanna er að nota 40% af meðaltíðni nýgengis örorku fyrir karla og 80% fyrir konur.

Einnig er notast við líkan Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2020 um framtíðar lækkun aldursbundinnar dánartíðni en sá útreikningur var sýndur til hliðsjónar í síðustu tryggingafræðilegri athugun. Fjármálaráðuneyti auglýsti í lok árs 2021 að íslenskir lífeyrissjóðir skyldu nota líkanið við mat skuldbindinga ekki síðar en árið 2023.

Staðalforsendur um giftingar- og örorkulíkur eru skv. reiknigrunni sem gefinn hefur verið út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga.

Staðalaðferð reglugerðar 391/1998 um mat á kostnaði er að leggja til grundvallar meðaltal rekstrarkostnaðar síðustu þriggja ára, uppfærðum til verðlags í lok úttektarárs. Sérstakt samkomulag hefur verið gert við aðildarstofnanir um viðbótar framlög til rekstrar deildarinnar, og var það virkt á árinu 2022. Er við mat á rekstrarkostnaði hlutfallsdeildar til framtíðar miðað við kostnað sjóðsins alls 2020 til 2022, uppfært til verðlags í lok ársins. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði síðan í hlutfalli við áætlaða stærð deildarinnar eftir áætlun um greiðsluflæði, og síðan tekið tillit til framlags aðildarstofnana. Rekstrarkostnaði deildarinnar er síðan skipt milli áfallinna og heildarskuldbindinga í hlutfalli við skuldbindingar og iðgjöld.

Þá er gert ráð fyrir 3,5% ávöxtunarforsendu og í hlutfallsdeild þar sem lífeyrisskuldbindingar fylgja launaþróun sjóðfélaga á starfstímanum er gert ráð fyrir 0,5% árlegri hækkun launa og auk þess aldursbundnum launahækkunum.

Fyrir starfstíma sjóðfélaga er þannig notað heimildarákvæði í 19. gr. rg. 391/1998.

Skuldbindingar eru metnar í tvennu lagi. Annars vegar eru metnar áfallnar skuldbindingar, þ.e. þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig vegna áunninna réttinda sjóðfélaga og hins vegar framtíðarskuldbindingar sjóðsins, sem eru þær skuldbindingar sem falla munu á sjóðinn vegna þeirra iðgjalda sem ætlað er að berist sjóðnum frá þeim sjóðfélögum sem taldir eru virkir er athugun fór fram.

Virkir sjóðfélagar í hlutfallsdeild eru skilgreindir sem þeir einstaklingar sem greiddu til sjóðsins í lok ársins, en deildinni hefur verið lokað fyrir nýjum sjóðfélögum.

Samanlagt eru áfallnar- og framtíðarskuldbindingar heildarskuldbinding sjóðsins vegna lífeyrisgreiðslna.

Við mat áfallinna skuldbindinga er fyrir lífeyrisþega miðað við úrskurðaðan lífeyri í desember 2022. Fyrir aðra sjóðfélaga reiknað hverjar verða muni lífeyrisgreiðslur til þeirra samkvæmt samþykktum sjóðsins miðað við þegar áunnin réttindi. Þegar heildarskuldbinding er reiknuð er miðað við allir sem taldir eru til virkra sjóðfélaga verði það áfram þar til starfi lýkur vegna aldurs, örorku eða andláts.

Áfallin skuldbinding fyrir virka sjóðfélaga er reiknuð eftir viðmiðunarlaunum lífeyris eins og þau voru við lok árs 2022 hjá hverjum virkum sjóðfélaga, þ.e. verðbætt meðallaun síðustu fimm ára.

Lífeyrisaldur er settur 67 ár fyrir virka sjóðfélaga, og 65 ár fyrir þá sem eiga geymd réttindi.

Metin er sérstaklega skuldbinding vegna svokallaðrar 95 ára reglu í hlutfallsdeild. Er reiknuð hækkun heildar skuldbindinga og lækkun iðgjalda sem hljótast myndi af því að allir sem kost eiga á að nýta sér 95 ára reglu myndu gera það í stað þess að láta af störfum 67 ára.

Skuldbinding sjóðsins fyrir starfandi sjóðfélaga vegna þessarar reglu var við uppgjör aðildarfyrirtækja sjóðsins samkvæmt eldri reglugerð við lok árs 1997 talin fjórðungur af þannig reiknaðri fjárhæð. Var það hlutfall notað við tryggingafræðilegar athuganir sjóðsins fram til 2014. Athugun á árinu 2015 leiddi í ljós að nýting reglunnar hefur verið töluvert umfram það, og líklega nær því að vera 50% undanfarin ár. Tryggingafræðileg athugun þessa árs er einnig miðuð við að nýtingarhlutfall verði 50%.

Skuldbindingu vegna reglunnar er skipt milli áfallinna og framtíðarskuldbindinga í hlutfalli við starfstíma fram til að 95-ára aldursmarki er náð.

Við mat á skuldbindingum vegna endurgreiðslu iðgjalda skv. eldri reglugerðum er gert ráð fyrir að endurgreiðsla miðist við ávöxtun sjóðsins á hverjum tíma og iðgjaldshluta sjóðfélaga.

NIÐURSTÖÐUR

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu lífeyrisskuldbindinga eftir tegundum lífeyris, og hvort um er að ræða áunnin réttindi eða áætlaða réttindaöflun vegna framtíðariðgjalda.

Lífeyrissjóður bankamanna Hlutfallsdeild Tryggingafræðileg athugun 2022

Eignaliðir	Eignir	Iðgjöld	Samtals
Bókfærð eign	40.202,5		40.202,5
Endurmat	162,0		162,0
Núvirði iðgjalda		468,6	468,6
Samtals eignir	40.364,5	468,6	40.833,1
Skuldbindingar	Áunnið	Framtíð	Samtals
Ellilífeyrir	39.227,2	633,1	39.860,3
Örorkulífeyrir	405,7	7,4	413,1
Makalífeyrir	5.113,1	48,2	5.161,3
Barnalífeyrir	0,0	0,3	0,3
Rekstrarkostnaður	412,3	10,7	422,9
Samtals skuldbindingar	45.158,3	699,7	45.858,0
Eignir umfram skuldbinding	-4.793,7	-231,1	-5.024,8
Hlutfall	-10,6%	-33,0%	-11,0%

Kostnaður vegna 95-ára reglu er allur talinn með eftirlaunaskuldbindingu. Í raun hefur nýting 95 ára reglu áhrif til lækkunar á verðmæti iðgjalda, örorkulífeyris og makalífeyris og til hækkunar á verðmæti eftirlauna en nettó áhrif á stöðu sjóðsins hafa jafnan verið sýnd í einu lagi og talin með eftirlaunaréttindum. Fjárhæð skuldbindingarinnar er sýnd í fylgiskjali 6 og má með því áætla áhrif þess að nýtingarhlutfall reglunnar verði annað en það sem gert er ráð fyrir í forsendum hér að ofan.

Staða sjóðsins hefur versnað nokkuð frá lokum síðasta árs ef miðað er við útreikning sem gerður var með sömu forsendum og nú eru notaðar. Þá var heildarstaðan talin neikvæð um 8,6%. Ástæðan er að ávöxtun með endurmati nær ekki 3,5% umfram hækkun réttinda, þótt ávöxtun deildarinnar hafi verið betri en margra annarra lífeyrissjóða.

FYLGISKJÖL

1. Óvirkir sjóðfélagar, fjöldi og áunnin réttindi eftir aldri og kyni
2. Virkir sjóðfélagar, fjöldi, áunnin réttindi og iðgjöld eftir aldri og kyni
3. Lífeyrisþegar
4. Breytingar á stöðu sjóðfélaga 2022
5. Endurmat eigna
6. Tryggingafræðileg staða 2022
- 7 Tryggingafræðileg staða 2022, reiknað með staðalforsendum
8. Breyting áfallinnar stöðu 2022
9. Samanburður við tryggingafræðilega stöðu 2021